

1996 nr. 19 25. október**Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu**

Tók gildi 22. nóvember 1996.

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum, sem telja, í samræmi við meginreglur þær er fram koma í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að viðurkenning á jöfnum og óafsalanlegum réttindum allra manna sé undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,

viðurkenna að réttindi þessi grundvallast á meðfæddri göfgi mannsins,

hafa í huga skuldbindingar ríkja samkvæmt sáttmálanum, sérstaklega 55. gr., til að efla almenna virðingu fyrir og halda í heiðri mannréttindi og grundvallarfrelsi,

hafa hliðsjón af 5. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn-málaleg réttindi sem báðar kveða á um að enginn maður skuli sæta pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,

hafa einnig hliðsjón af yfirlýsingu um vernd allra manna gegn því að sæta pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem samþykkt var á allsherjarþinginu 9. desember 1975 og

vilja að baráttan gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði árangursríkari um heim allan,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. hluti.

■ **1. gr.** 1. Í samningi þessum merkir hugtakið „pyndingar“ hvorn þann verknað sem manni er vísvitandi valdið alvarlegum líkamlegum eða andlegum sársauka eða þjáningu með í því skyni t.d. að fá hjá honum eða þriðja manni upplýsingar eða játningu, refsar honum fyrir verk sem hann eða þriðji maður hefur framið eða er grunaður um að hafa framið, eða til að hræða eða neyða hann eða þriðja mann, eða af ástæðum sem byggjast á mismunun af einhverju tagi, þegar þeim sársauka eða þjáningu er valdið af eða fyrir frumkvæði eða með samþykki eða umliðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Hugtakið tekur ekki til sársauka eða þjáningar sem rekja má að öllu leyti til eða tilheyrir eða leiðir af lögmætum viðurlögum.

□ 2. Grein þessi skerðir ekki gildi neins alþjóðasamnings eða ákvæða í landslögum sem hafa eða kunna að hafa ákvæði sem ganga lengra.

■ **2. gr.** 1. Hvert aðildarríki skal gera virkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnýsly og réttarvörslu eða aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir pyndingar á sérhverju landsvæði í lögsögu þess.

□ 2. Hvernig sem á stendur má aldrei höfða til sérstakra aðstæðna af nokkru tagi, svo sem ófriðarástands, ófriðarhættu, ótryggs stjórn málaástands innanlands eða nokkurs annars almenns neyðarástands, til réttlættingar pyndingum.

□ 3. Ekki má vísa til fyrimæla yfirboðara eða stjórnvalds til réttlættingar pyndingum.

■ **3. gr.** 1. Ekkert aðildarríki skal vísa úr landi, endursenda (refouler) eða framselja mann til annars ríkis ef veruleg ástæða er til að ætla að hann eigi þar á hættu að sæta pyndingum.

□ 2. Þegar ákveðið er hvort slíkar ástæður eru fyrir hendi skulu þar til bær yfirvöld hafa hliðsjón af öllum atriðum sem máli skipta, þar á meðal, eftir því sem við á, hvort í ríki því sem um ræðir viðgangist gróf, augljós eða stórfelld mannréttindabrot.

■ **4. gr.** 1. Hvert aðildarríki skal tryggja að pyndingar af öllu tagi teljist til afbrota samkvæmt refsilögum þess. Það sama skal gilda um tilraun til pyndinga og verk hvers þess manns sem telst hlutdeildarmaður eða þátttakandi í pyndingum.

□ 2. Hvert aðildarríki skal leggja hæfilegar refsingar við brotum þessum sem taka tillit til þess hversu alvarleg þau eru.

■ **5. gr.** 1. Í eftirgreindum tilvikum skal hvert aðildarríki gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fella þau brot sem um ræðir í 4. gr. undir lögsögu sína:

(a) þegar brotin eru framin á landsvæði í lögsögu þess eða um borð í skipi eða loftfari sem skráð er í því ríki;

(b) þegar sökunautur er þegn þess ríkis;

(c) þegar sá sem fyrir broti verður er þegn þess ríkis og það ríki telur rétt að gera svo.

□ 2. Sömuleiðis skal hvert aðildarríki gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fella slík brot undir lögsögu þess ef sökunautur er staddur á landsvæði í lögsögu þess og hann er ekki framseldur skv. 8. gr. til einhvers þess ríkis sem 1. mgr. þessarar greinar tekur til.

□ 3. Samningur þessi skal ekki hindra beitingu neinnar refsilögsögu samkvæmt landslögum.

■ **6. gr.** 1. Hvert aðildarríki skal, ef maður sem sakaður er um að hafa framið eitthvert þeirra brota sem um ræðir í 4. gr. er staddur innan lögsögu þess, er það hefur athugað þær upplýsingar sem því eru tiltækar og gengið úr skugga um að aðstæður réttlæti það, taka hann í gæslu eða gera aðrar ráðstafanir samkvæmt lögum til að tryggja nærveru hans. Um gæslu eða aðrar ráðstafanir samkvæmt lögum skal fara að lögum þess ríkis, en ekki mega ráðstafanir þessar vara lengur en nauðsyn krefur til að unnt sé að höfða refsímál eða hlutast til um framsal.

□ 2. Viðkomandi ríki skal þegar framkvæma frumrannsókn á málavöxtum.

□ 3. Manni, sem hafður er í gæslu skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal veitt aðstoð til að hafa þegar í stað samband við næsta viðeigandi fulltrúa þess ríkis þar sem hann er þegn, eða, sé hann ríkisfangslaus, við fulltrúa þess ríkis þar sem hann dvelur að jafnaði.

□ 4. Þegar ríki hefur tekið mann í gæslu samkvæmt þessari grein skal það þegar tilkynna þeim ríkjum sem um getur í 1. mgr. 5. gr. að maðurinn sé þar í gæslu og um þær ástæður sem hún er byggð á. Ríki það, sem framkvæmir frumrannsókn þá sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. þessarar greinar, skal þegar í stað tilkynna áðurgreindum ríkjum um það sem fram hefur komið og taka fram hvort það ætli að beita lögsögu sinni.

■ **7. gr.** 1. Nú er á landsvæði í lögsögu aðildarríkis að finna mann sem sakaður er um að hafa framið eitthvert þeirra brota sem um ræðir í 4. gr. og skal það þá, í þeim tilvikum sem um er fjallað í 5. gr., fela málið þar til bærum yfirvöldum sínum til höfðunar refsímáls ef maðurinn er ekki framseldur.

□ 2. Yfirvöld þessi skulu taka ákvörðun sína á sama hátt og um hvert annað alvarlegt afbrot væri að ræða samkvæmt lögum þess ríkis. Í tilvikum þeim sem um ræðir í 2. mgr. 5. gr. skulu kröfur um fyrirliggjandi sönnunargögn til höfðunar refsímáls og sakfellingar á engan hátt vera minni en þær sem eiga við í tilvikum þeim sem um ræðir í 1. mgr. 5. gr.

□ 3. Hverjum þeim manni, sem refsímál er höfðað gegn vegna brota sem um ræðir í 4. gr., skal tryggð réttlát málsmeðferð á öllum stigum málsins.

■ **8. gr.** 1. Í öllum framsalssamningum sem þegar eru fyrir hendi milli aðildarríkja skal litið svo á að brot þau, sem um ræðir í 4. gr., teljist til afbrota sem geta varðað framsali. Aðildarríki skuldbinda sig til að fella slík brot undir afbrot sem varðað geta framsali í öllum framsalssamningum sem síðar eru gerðir milli þeirra.

□ 2. Nú berst aðildarríki, sem setur það skilyrði fyrir framsali að milliríkjasamningur sé fyrir hendi, framsalsbeiðni frá öðru ríki sem það hefur ekki gert framsalssamning við og má það þá líta svo á að samningur þessi veiti lagagrundvöll til framsals að því er slík brot varðar. Framsal skal háð öðrum skilyrðum sem lög þess ríkis sem framsalsbeiðni er beint til kveða á um.

□ 3. Aðildarríki, sem ekki setja það skilyrði fyrir framsali að milliríkjasamningur sé fyrir hendi, skulu sín á milli telja slík brot til afbrota sem varðað geti framsali samkvæmt þeim skilyrðum sem lög þess ríkis sem framsalsbeiðni er beint til kveða á um.

□ 4. Að því er varðar framsal milli aðildarríkja skal farið með slík brot eins og þau hefðu verið framin ekki aðeins á þeim vettvangi þar sem þau áttu sér stað heldur einnig á landsvæði þeirra ríkja sem fella skulu þau undir lögsögu sína skv. 1. mgr. 5. gr.

■ **9. gr.** 1. Aðildarríki skulu af fremsta megni aðstoða hvert annað í tengslum við meðferð refsímáls vegna sérhvers þess brots sem um ræðir í 4. gr., þar með talið með afhendingu allra sönnunargagna sem þeim eru tiltæk og þörf er á við meðferð málsins.

□ 2. Aðildarríki skulu rækja skyldur sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við sérhver þann samning um gagnkvæma réttarástoð sem í gildi kann að vera milli þeirra.

■ **10. gr.** 1. Hvert aðildarríki skal tryggja að kennsla og upplýsingar um bann við pyndingum verði óaðskiljanlegur hluti þjálfunar löggæslumanna á vegum borgaralegra yfirvalda eða hers, starfsfólks í heilsugæslu, opinberra starfsmanna og annarra sem kunna að fást við gæslu, yfirheyrslu eða meðferð hvers þess manns sem sætir handtöku, gæslu eða fangelsun af nokkru tagi.

□ 2. Hvert aðildarríki skal tilgreina bann þetta í reglum þeim eða fyrirætlum sem sett eru um skyldur og störf allra slíkra starfsmanna.

■ **11. gr.** Hvert aðildarríki skal hafa kerfisbundið eftirlit með yfirheyrslureglum, fyrirætlum, aðferðum, starfsvenjum og fyrirkomulagi við gæslu og meðferð manna sem sæta handtöku, gæslu eða fangelsun af nokkru tagi á öllum landsvæðum í lögsögu þess, í því skyni að koma í veg fyrir að hvers konar pyndingar eigi sér stað.

■ **12. gr.** Hvert aðildarríki skal tryggja að þar til bær yfirvöld þess hlutist þegar til um óhlutdræga rannsókn hvenær sem skynsamleg ástæða er til að ætla að pyndingar hafi átt sér stað á einhverju landsvæði innan lögsögu þess.

■ **13. gr.** Hvert aðildarríki skal tryggja að sérhver einstaklingur, sem heldur því fram að hann hafi verið beittur pyndingum á einhverju landsvæði í lögsögu þess, eigi rétt á að bera fram kærú til þar til bærra yfirvalda þess og að mál hans sæti þegar óhlutdrægri rannsókn af þeirra hálfu. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að kærandinn og vitni séu vernduð fyrir illri meðferð eða hótunum sem rekja má til kærunnar eða skýrslna sem gefnar hafa verið.

■ **14. gr.** 1. Hvert aðildarríki skal í réttarkerfi sínu tryggja að sá sem hefur sætt pyndingum hljóti uppreisn og eigi framkvæmanlegan rétt til sanngjarnra og fullnægjandi bóta, þar með talið fyrir allri þeirri endurhæfingu sem kostur er á. Hljóti maður bana af völdum pyndinga skulu þeir sem hann framfærir eiga rétt á bótum.

□ 2. Ákvæði þessarar greinar skulu engin áhrif hafa á bótarétt sem þegar er fyrir hendi í landslögum til handa þeim er sætt hefur pyndingum eða öðrum.

■ **15. gr.** Hvert aðildarríki skal tryggja að engin yfirlýsing, sem reynist hafa verið fengin með pyndingum, sé notuð sem sönnunargagn við meðferð máls, nema gegn þeim sem sakaður er um pyndingar til sönnunar því að yfirlýsingin hafi verið gefin.

■ **16. gr.** 1. Hvert aðildarríki skuldbindur sig til að hindra að á nokkru landsvæði í lögsögu þess séu framin önnur verk er teljast til grimmilegrar, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar, en falla þó ekki undir skilgreiningu hugtaksins pynding í 1. gr., þegar slík verk eru framin af eða fyrir frumkvæði eða með samþykki eða umliðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Sérstaklega skulu skuldbindingar þær gilda sem um getur í 10., 11., 12. og 13. gr. þannig að í stað þess að vísað sé til pyndinga sé vísað til annarrar grimmilegrar, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar.

□ 2. Ákvæði samnings þessa skerða ekki gildi ákvæða neinna annarra alþjóðasamninga eða landslaga sem leggja bann við grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða varða framsal eða brottvísun úr landi.

II. hluti.

■ **17. gr.** 1. Setja skal á stofn nefnd gegn pyndingum (hér eftir kölluð nefndin) er fer með þau verkefni sem segir hér á eftir. Nefndin skal skipuð tíu sérfræðingum sem séu vammlausir og viðurkenndir fyrir hæfni á sviði mannréttinda og skulu þeir starfa sem einstaklingar. Skulu sérfræðingarnir kjörnir af aðildarríkjunum, að teknu tilliti til sanngjarnrar landfræðilegrar dreifingar og gagnsemi þess að sumir nefndarmenn hafi lögfræðilega starfsreynslu.

□ 2. Nefndarmenn skulu kjörnir leynilegri kosningu af skrá um menn sem aðildarríki hafa tilnefnt. Hvert aðildarríki getur tilnefnt einn mann úr hópi eigin þegna. Skulu aðildarríki hafa í huga gagnsemi þess að tilnefna menn sem einnig eiga sæti í mannréttindanefndinni sem stofnuð var samkvæmt alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og eru reidubúnir til að sitja í nefndinni gegn pyndingum.

□ 3. Kosning nefndarmanna skal fara fram á fundum aðildarríkjanna sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna kallar saman á tveggja ára fresti. Á fundum þessum, sem eru lögmætir ef þeir eru sóttir af tveimur þriðju hlutum aðildarríkjanna, skulu þeir taldir kjörnir í nefndina sem hljóta flest atkvæði og hreinan meiri hluta atkvæða fulltrúa aðildarríkjanna sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

□ 4. Fyrsta kosning skal fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir hverja kosningu skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda aðildarríkjunum bréf og bjóða þeim að leggja fram tilnefningar sínar innan þriggja mánaða. Aðalframkvæmdastjórinn skal gera skrá í stafrófsröð um alla þá sem þannig eru tilnefndir þar sem getið er þeirra aðildarríkja sem tilnefndu þá og skal leggja hana fyrir aðildarríkin.

□ 5. Kjörtímabil nefndarmanna er fjögur ár. Þá má endurkjósa ef þeir eru tilnefndir að nýju. Þó rennur kjörtímabil

fimm þeirra nefndarmanna sem kjörnir eru í fyrstu kosningunni út að tveimur árum liðnum og skal fundarstjóri þess fundar sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar velja nöfn þessara fimm manna með hlutkesti er fyrsta kosningin hefur farið fram.

□ 6. Nú deyr nefndarmaður eða segir af sér eða getur ekki af öðrum ástæðum rækt nefndarstörf sín og skal þá aðildarríkið sem tilnefndi hann skipa annan sérfræðing úr hópi þegna sinna til setu í nefndinni það sem eftir lifir kjörtímabils hans, enda samþykki meiri hluti aðildarríkja það. Samþykki skal talið veitt nema að minnsta kosti helmingur aðildarríkja svari neitandi innan sex vikna eftir að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur tilkynnt þeim um hina fyrirhuguðu skipun.

□ 7. ...¹⁾

¹⁾ Augl. C 19/1996, fskj. II.

■ **18. gr.** 1. Nefndin kýs embættismenn sína til tveggja ára í senn. Þá má endurkjósa.

□ 2. Nefndin setur sér sjálf starfsreglur og skal þar meðal annars koma fram að:

(a) fundur sé lögmatgur ef sex nefndarmenn sitja hann;

(b) ákvarðanir nefndarinnar skuli teknar með meiri hluta atkvæða viðstaddra nefndarmanna.

□ 3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal sjá nefndinni fyrir nauðsynlegu starfsliði og aðstöðu til þess að hún geti rækt starf sitt á fullnægjandi hátt samkvæmt samningi þessum.

□ [4. Meðlimir nefndar þeirrar, sem stofnuð er samkvæmt samningi þessum, skulu fá greidd laun úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem allsherjarþingið ákveður.]¹⁾

□ [5.]¹⁾ Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal kalla saman fyrsta fund nefndarinnar. Að honum loknum skal nefndin koma saman á þeim tímum sem ákveðið er í starfsreglum hennar.

¹⁾ Augl. C 19/1996, fskj. II.

■ **19. gr.** 1. Aðildarríki skulu, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, leggja fyrir nefndina innan eins árs frá því er samningur þessi tekur gildi gagnvart þeim skýrslur um ráðstafanir þær sem þau hafa gert til að framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Skulu aðildarríki síðan afhenda viðbótarskýrslur á fjögurra ára fresti um allar nýjar ráðstafanir sem þau hafa gert og aðrar þær skýrslur sem nefndin kann að fara fram á.

□ 2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum aðildarríkjum skýrslur þessar.

□ 3. Nefndin skal taka hverja skýrslu til athugunar, gera almenningar athugasemdir um hana eftir því sem hún sér ástæðu til og senda hlutaðeigandi aðildarríki þær. Getur aðildarríkið brugðist við með því að senda nefndinni þær athugasemdir sem það kýs.

□ 4. Ef nefndinni sýnist svo getur hún ákveðið að birta athugasemdir sem hún kann að hafa gert skv. 3. mgr. þessarar greinar ásamt athugasemdum sem borist hafa frá hlutaðeigandi aðildarríki í ársskýrslu sinni sem gerð er skv. 24. gr. Fari hlutaðeigandi aðildarríki fram á það getur nefndin einnig birt skýrsluna sem lögð er fram skv. 1. mgr. þessarar greinar.

■ **20. gr.** 1. Nú berast nefndinni áreiðanlegar upplýsingar sem henni þykja fela í sér traustar vísbendingar um að pyndingar séu stundaðar á kerfisbundinn hátt á landsvæði aðildarríkis og skal hún þá bjóða því aðildarríki að starfa með sér að

athugun upplýsinganna og að leggja fram athugasemdir um viðkomandi upplýsingar í því skyni.

□ 2. Nefndin getur, með hliðsjón af athugasemdum sem viðkomandi aðildarríki kann að hafa lagt fram og öðrum viðeigandi upplýsingum sem henni eru tiltækar og ef henni þykir rétt að gera svo, skipað einn eða fleiri nefndarmenn til að gera rannsókn í trúnaði og gefa nefndinni skýrslu með hraði.

□ 3. Fari rannsókn fram skv. 2. mgr. þessarar greinar skal nefndin leita samstarfs við viðkomandi aðildarríki. Ef aðildarríkið samþykkir það getur heimsókn til landsvæðis þess orðið þáttur í slíkri rannsókn.

□ 4. Að lokinni athugun á niðurstöðum nefndarmanns eða -manna, sem fram eru lagðar skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal nefndin senda þær viðkomandi aðildarríki ásamt umsógn þeirri eða tillögum sem viðeigandi þykja með hliðsjón af aðstæðum.

□ 5. Allt starf nefndarinnar, sem fjallað er um í 1.–4. mgr. þessarar greinar, skal fara fram í trúnaði og skal á öllum stigum þess leita samstarfs aðildarríkisins. Að loknu slíku starfi að því er varðar rannsókn sem gerð er skv. 2. mgr. getur nefndin að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðildarríki ákveðið að birta samantekt um niðurstöður starfsins í ársskýrslu sinni sem gerð er skv. 24. gr.

■ **21. gr.** 1. Aðildarríki að samningi þessum getur hvenær sem er lýst því yfir samkvæmt þessari grein að það viðurkenni að nefndin sé bær til að taka á móti og athuga erindi þar sem aðildarríki heldur því fram að annað aðildarríki framfylgi ekki skyldum sínum samkvæmt samningnum. Slíkum erindum má því aðeins veita viðtöku og taka þau til athugunar samkvæmt málsmeðferðarreglum þessarar greinar að þau komi frá aðildarríki sem hefur lýst því yfir að nefndin sé til þess bær að því er það sjálft varðar. Nefndin skal ekki taka erindi til athugunar samkvæmt þessari grein ef það varðar aðildarríki sem ekki hefur gefið slíka yfirlýsingu. Með erindi sem berast samkvæmt grein þessari skal farið samkvæmt eftirfarandi málsmeðferðarreglum:

(a) ef aðildarríki telur að annað aðildarríki framfylgi ekki ákvæðum samnings þessa getur það í skriflegu erindi vakði athygli þess á málinu. Innan þriggja mánaða frá móttöku erindisins skal móttökuríkið gefa ríki því sem erindið sendi skýringu eða einhverja aðra skriflega yfirlýsingu til útskýringar á málinu og er rétt að þar sé eftir því sem gerlegt er og við á vísað til málsmeðferðar innanlands og úrræða sem gripið hefur verið til, standa yfir eða tiltækt eru;

(b) ef málið er ekki útkljáð svo fullnægjandi sé fyrir bæði hlutaðeigandi aðildarríki innan sex mánaða frá því að móttökuríkið tók á móti upphaflega erindinu skal hvoru ríki um sig rétt að vísa málinu til nefndarinnar með tilkynningu til hennar og hins ríkisins;

(c) nefndin skal aðeins fjalla um mál sem vísað er til hennar samkvæmt þessari grein eftir að hún hefur gengið úr skugga um að í málinu hafi verið reynt að neyta allra úrræða innanlands og þau tæmd, í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar. Þetta gildir þó ekki ef beiting úrræðanna dregst óhæfilega á langinn eða er ólíkleg til þess að veita þeim manni sem orðið hefur fyrir broti á samningi þessum fullnægjandi úrbætur;

(d) nefndin skal halda fundi fyrir luktum dyrum er athugun á erindum samkvæmt þessari grein fer fram;

(e) nefndin skal, sbr. þó ákvæði c-liðar, veita hlutaðeigandi aðildarríkjum liðsinni sitt með það fyrir augum að komast að vinsamlegri lausn í málinu byggðri á virðingu fyrir skuld-

bindingum samnings þessa. Í því skyni getur nefndin skipað sérstaka sáttanefnd þegar það á við;

(f) í sérhverju máli sem vísað er til nefndarinnar samkvæmt þessari grein getur nefndin beint því til hlutaðeigandi aðildarríkja sem greinir í b-lið að láta í té allar upplýsingar sem máli skipta;

(g) hlutaðeigandi aðildarríki, sem greinir í b-lið, eiga rétt á málsvara þegar mál er til athugunar hjá nefndinni og að koma að munnlegum og/eða skriflegum athugasemdum;

(h) innan tólf mánaða frá móttökudegi tilkynningar samkvæmt b-lið skal nefndin leggja fram skýrslu:

(i) náist lausn samkvæmt ákvæðum e-liðar skal nefndin einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um staðreyndir og lausn þá sem náðst hefur;

(ii) náist ekki lausn samkvæmt ákvæðum e-liðar skal nefndin einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um staðreyndir málsins. Þau skriflegu gögn sem lögð voru fram af hlutaðeigandi aðildarríkjum, svo og bókun um það sem munnlega kom fram af þeirra hálfu, skulu fylgja skýrslunni.

Skýrslunni skal ávallt komið á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki.

□ 2. Ákvæði þessarar greinar öðlast gildi þegar fimm aðildarríki samnings þessa hafa gefið yfirlýsingu skv. 1. mgr. hennar. Yfirlýsingar þessar skulu aðildarríkin afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og skal hann senda öðrum aðildarríkjum endurrit þeirra. Yfirlýsingu má draga til baka hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Slík afturköllun skal ekki hafa áhrif á athugun nokkurs máls sem greinir í erindi sem þegar hefur verið komið á framfæri samkvæmt þessari grein. Ekki skal veita viðtöku frekari erindum frá neinu aðildarríki samkvæmt þessari grein eftir að tilkynning um afturköllun yfirlýsingarinnar hefur borist aðalframkvæmdastjóranum, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi gefið nýja yfirlýsingu.

■ 22. gr. 1. Aðildarríki að samningi þessum getur hvenær sem er lýst því yfir samkvæmt þessari grein að það viðurkenni að nefndin sé bær til að taka á móti og athuga erindi frá einstaklingum eða fyrir hönd einstaklinga sem falla undir lögsögu þess og halda því fram að aðildarríki hafi brotið ákvæði samningsins gagnvart þeim. Nefndin skal ekki taka á móti neinu erindi varðandi aðildarríki sem ekki hefur gefið slíka yfirlýsingu.

□ 2. Nefndin skal vísa frá sérhverju því erindi samkvæmt grein þessari sem er nafnlaust eða sem hún telur fela í sér misnotkun á réttinum til að senda slík erindi eða vera ósamrýmanlegt ákvæðum samningsins.

□ 3. Nefndin skal vekja athygli aðildarríkis að samningi þessum, sem gefið hefur yfirlýsingu skv. 1. mgr. og sakað er um að brjóta gegn ákvæðum hans, á sérhverju erindi sem lagt er fyrir hana samkvæmt þessari grein, sbr. þó 2. mgr. Innan sex mánaða skal móttökuríkið leggja fyrir nefndina skriflegar skýringar eða yfirlýsingar til útskýringar á málinu og um úrræði sem það kann að hafa gripið til.

□ 4. Nefndin skal taka erindi sem henni berast samkvæmt þessari grein til athugunar í ljósi allra upplýsinga sem henni eru veittar af hlutaðeigandi einstaklingi eða fyrir hans hönd og af hlutaðeigandi aðildarríki.

□ 5. Nefndin skal ekki taka neitt erindi frá einstaklingi samkvæmt grein þessari til athugunar nema hún hafi fullvissað sig um:

(a) að sama mál hafi ekki verið og sé ekki til athugunar

samkvæmt öðrum alþjóðlegum rannsóknarreglum eða reglum um lausn deilumála;

(b) að einstaklingurinn hafi tæmt öll tiltæk úrræði innanlands. Þetta gildir þó ekki ef beiting úrræðanna dregst óhæfilega á langinn eða er ólíkleg til þess að veita þeim manni sem orðið hefur fyrir broti á samningi þessum fullnægjandi úrbætur.

□ 6. Nefndin skal halda fundi fyrir luktum dyrum er athugun á erindum samkvæmt þessari grein fer fram.

□ 7. Nefndin skal koma sjónarmiðum sínum á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki og einstakling.

□ 8. Ákvæði þessarar greinar öðlast gildi þegar fimm aðildarríki samnings þessa hafa gefið yfirlýsingu skv. 1. mgr. hennar. Yfirlýsingar þessar skulu aðildarríkin afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og skal hann senda öðrum aðildarríkjum endurrit þeirra. Yfirlýsingu má draga til baka hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Slík afturköllun skal ekki hafa áhrif á athugun nokkurs máls sem greinir í erindi er þegar hefur verið komið á framfæri samkvæmt þessari grein. Ekki skal veita viðtöku frekari erindum frá einstaklingi eða fyrir hönd einstaklings samkvæmt þessari grein eftir að tilkynning um afturköllun yfirlýsingarinnar hefur borist aðalframkvæmdastjóranum, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi gefið nýja yfirlýsingu.

■ 23. gr. Þeir sem sæti eiga í nefndinni og sérstökum sáttanefndum sem skipaðar kunna að vera skv. e-lið 1. mgr. 21. gr. skulu eiga rétt á aðstöðu, sérrettindum og friðhelgi sérfræðinga í erindagerðum fyrir Sameinuðu þjóðirnar samkvæmt þeim köflum samnings um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna sem við eiga.

■ 24. gr. Nefndin skal árlega leggja skýrslu um störf sín samkvæmt samningi þessum fyrir aðildarríkin og allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

III. hluti.

■ 25. gr. 1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir öll ríki.

□ 2. Samningur þessi er háður fullgildingunni. Fullgildingarskjölum skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

■ 26. gr. Öllum ríkjum skal heimilt að gerast aðilar að samningi þessum. Aðild öðlast gildi þegar aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

■ 27. gr. 1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu er komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

□ 2. Gagnvart sérhverju ríki, sem fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu, öðlast hann gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er fullgildingar- eða aðildarskjal þess er komið í vörslu.

■ 28. gr. 1. Hvert ríki getur, við undirritun eða fullgildingunni samnings þessa eða við aðild að honum, lýst því yfir að það viðurkenni ekki bædni nefndarinnar skv. 20. gr.

□ 2. Hvert það ríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 1. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er fallið frá honum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

■ 29. gr. 1. Sérhvert aðildarríki að samningi þessum getur borið fram tillögu um breytingu á honum og fengið hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Skal

aðalframkvæmdastjórinn þá senda aðildarríkjunum breytingartillöguna ásamt tilmælum um að þau tilkynni honum hvort þau séu hlynnt því að haldin verði ráðstefna aðildarríkjanna til að athuga og greiða atkvæði um tillöguna. Ef, innan fjögurra mánaða frá því að sending breytingartillögunnar er dagsett, eigi minna en þriðjungur aðildarríkjanna er fylgjandi því að slík ráðstefna verði haldin skal aðalframkvæmdastjórinn boða til hennar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Sérhverja breytingartillögu, sem samþykkt er af meiri hluta þeirra aðildarríkjanna sem sækja ráðstefnuna og atkvæði greiða, skal aðalframkvæmdastjórinn leggja fyrir öll aðildarríki til samþykktar.

□ 2. Breyting sem er samþykkt skv. 1. mgr. þessarar greinar öðlast gildi þegar tveir þriðju hlutar aðildarríkjanna samningsþessa hafa tilkynnt aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að þau hafi staðfest hana í samræmi við stjórnskipunarhætti þeirra hvers um sig.

□ 3. Þegar breytingar öðlast gildi eru þær bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest þær, en önnur aðildarríki eru áfram bundin af ákvæðum samnings þessa og sérhverri fyrir breytingu sem þau hafa staðfest.

■ **30. gr.** 1. Sérhver deila tveggja eða fleiri aðildarríkjanna um túlkun eða beitingu samnings þessa sem ekki tekst að leysa með samningum skal, að ósk einhvers þeirra, lögð í gerð. Ef aðilar geta ekki komið sér saman um tilhögun gerðarinnar innan sex mánaða frá því að hennar er óskað getur hver þeirra vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins með umsókn samkvæmt samþykktum hans.

□ 2. Hvert ríki getur, við undirritun eða fullgildingu samnings þessa eða við aðild að honum, lýst því yfir að það telji sig ekki bundið af 1. mgr. þessarar greinar. Önnur aðildarríki

skulu ekki bundin af 1. mgr. þessarar greinar gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

□ 3. Hvert það ríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 2. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er fallið frá honum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

■ **31. gr.** 1. Aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn öðlast gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn tekur við tilkynningunni.

□ 2. Uppsögn leysir ekki aðildarríkið undan skyldum sínum samkvæmt samningi þessum varðandi nokkurn verknað eða athafnaleysi sem á sér stað fyrir gildistöku dags uppsagnarinnar og skal heldur ekki hafa nein áhrif á framhald athugunar máls sem var þegar til athugunar hjá nefndinni fyrir gildistöku dags uppsagnarinnar.

□ 3. Eftir þann dag er uppsögn aðildarríkis öðlast gildi skal nefndin ekki hefja athugun á neinu nýju máli sem varðar það ríki.

■ **32. gr.** Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjunum Sameinuðu þjóðanna og öllum ríkjunum sem undirritað hafa samning þennan eða gerst aðilar að honum um:

(a) undirritanir, fullgildingar og aðild skv. 25. og 26. gr.;

(b) gildistöku dags samnings þessa skv. 27. gr. og gildistöku dags allra breytinga skv. 29. gr.;

(c) uppsagnir skv. 31. gr.

■ **33. gr.** 1. Samningur þessi, þar sem arabískur, enskur, franskur, kínverskur, rússneskur og spænskur texti hans eru jafngildir, skal afhentur aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

□ 2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum ríkjunum staðfest endurrit samnings þessa.